

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Rauðarárstígur norðan Hverfisgötu, vistgata, stæði fyrir hreyfihamlaða, leigubifreiðar og bifreiðar sem þurfa rafhleðslu

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi fyrir Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu:

- Botnlangi Rauðarárstígs frá Bríetartúni til suðurs verði vistgata.
- Tvö bifreiðastæði innst í botnlanga verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.
- Þrjú bifreiðastæði vestanmegin í botnlanganum verði merkt sem biðstöð leigubifreiða.
- Fjögur bifreiðastæði vestanmegin í botnlanganum verði merkt sem bifreiðastæði eingöngu eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu.

Bifreiðastæðin verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Framkvæmdir eru að hefjast á Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu í tengslum við nýtt deiliskipulag Hlemmtorgs. Hönnun göturýmis Rauðarárstígs tók útgangspunkt í hönnun vistgatna og var m.a. gert ráð fyrir bifreiðastæðum fyrir hreyfihamlaða, biðstöð leigubifreiða og bifreiðastæði sem einungis eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu í botnlanganum. Í dag eru engin almenn bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða né bifreiðastæði sem eru ætluð bifreiðum sem þurfa rafhleðslu, en í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að biðstöð leigubifreiða færir frá Laugavegi og þeim verði fundnar nýjar staðsetningar, m.a. norðan Hlemmtorgs á Rauðarárstíg. Til viðbótar eru nokkur almenn bílastæði sem verða áfram gjaldskyld. Eitt þeirra verður sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling sem er með merkt stæði á svipuðum stað núþegar í dag.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Skýringarmynd af Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu sem sýnir staðsetningu stæðanna.



Reykjavíkurborg

